

Föstudaginn 23. marz 1973.

Nr. 103/1971: **Guðmundur Sigfússon**

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

gegen

Guðmundi Halldórssyni

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabótamál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar:

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. júlí 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 22. s. m. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 20.000.00 með 7% ársvöxtum frá 26. september 1963 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Á rekstri máls þessa, sem er einfalt í sniðum, hefur orðið óhæfilegur dráttur. Eftir að greinargerð stefnda í héraði kom fram á dómþingi hinn 29. marz 1966, voru aðiljum veittir sameiginlegir frestir til gagnaöflunar, án þess þó að nokkur sakargögn væru lögð fram allt til þinghalds 8. marz 1968. Á því dómþingi var aðiljaskýrsla tekin af áfrýjanda og vitna-skýrsla af einu vitni. Eftir það voru málsaðiljum enn veittir sameiginlegir frestir, unz dómþing var háð hinn 16. júní 1970. Á því dómþingi voru engin gögn lögð fram, en því var lýst, að gagnaöflun væri lokið. Var málinu frestað á dómþinginu ótiltekið til munnlegs málflutnings. Fór hann fram röskum níu mánuðum síðar, hinn 26. marz 1971, og var þá lagt fram endurrit af dómi sakadóms Reykjavíkur frá 3. júní 1965 vegna ákæru á hendur stefnda m. a. út af sakarefni því, sem hér er til úrlausnar.

Ýmsir dómarafulltrúar hafa farið með mál þetta á bæjarþingi Reykjavíkur. Rétt er þó að geta þess, að dómari sá, er kvað upp héraðsdóm í málinu, háði eigi dómþing fyrr en 8. júní 1970. Dráttur á málarekstri þessum stafar ekki sízt af vinnubrögðum lögmanns áfrýjanda, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, við öflun gagna.

Seinagangur í málarekstri þessum í heild sinni er aðfinnsluverður og er brýnt brot á lögum nr. 85/1936.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. apríl 1971.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 26. f. m., hefur Guðmundur Sigfússon, B-götu, Þorlákshöfn, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, með stefnu, útgefinni hinn 24. febrúar 1966, á hendur Guðmundi Halldórssyni, Rauðalæk, Holtum, Rangárvallasýslu, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 20.000.00 með 8% ársvöxtum frá 26. september 1963 til 31. desember 1964, með 7% ársvöxtum frá þeim degi til 31. desember 1965 og með 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu. Þá hefur stefnandi stefnt Samvinnutryggingum g/t til réttargæzlu í málinu.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að skaðlausu eftir mati dómars, en til vara, að stefnukrafan verði lækkuð verulega og málskostnaður verði látinn falla niður.

Á hendur réttargæzlustefnda eru engar dómkröfur gerðar, og af hans hálfu eru heldur engar kröfur hafðar uppi.

Málavextir eru þessir:

Fimmtudaginn 26. september 1963, klukkan 1150, tilkynnti Markús Jónsson, Bláskógum 1 í Hveragerði, lögreglunni í Árnes-sýslu, að hryssa, er hann átti, hefði fundizt dauð við þjóðveginn skammt frá Krossi í Ölfusi þá um morguninn. Taldi Markús, að ekið hefði verið á hryssuna. Tómas Jónsson lögregluþjónn fór á staðinn. Í skýrslu sinni um athugun á vettvangi skýrði hann svo frá, að hryssan hafi legið 14 m austan við þjóðveginn uppi á lágu

barði. Hafi svo virzt sem hryssan hafi fengið högg á snoppuna, þar eð hún var alblóðug. Enn fremur taldi hann óeðlilegan bólgukepp, mjög stóran, hafa verið í náranum hægra megin og hafi hann náð upp á síðuna. Tómas kvað hryssuna hafa verið dökk-rauða eða nánast jarpa og hafi hún verið nokkuð loðin og hafi broddur háranna verið ljósari að lit. Á vettvangi fannst lítil krómhlíf og glerbrot, sem Tómas taldi vera af stefnuljóskeri Volkswagen bifreiðar. Virtízt Tómasi augljóst af aðstæðum, að þarna hefði verið á ferð Volkswagen bifreið af árgærð um 1958 og að bifreiðinni hefði verið ekið í átt til Hveragerðis. Skömmu fyrir hádegi daginn eftir fann lögreglan Volkswagen bifreiðina L 58, sem var með brotið stefnuljósker, dæld í þaki og brotna framrúðu. Eigandi bifreiðarinnar var Guðmundur Halldórsson, stefndi í máli þessu. Við rannsókn þá, sem framkvæmd var út af atburði þessum, skýrði stefndi Guðmundur svo frá, að hann hefði verið á réttardansleik í Aratungu kvöldið áður. Hann kveðst hafa neytt þar áfengis og kveðst hafa fundið til áfengisáhrifa, en kveðst ekki hafa verið fullur. Á dansleiknum kveðst hann hafa hitt Ólaf Jóhannsson, sem hafi verið mikið ölvaður, og hafi Ólafur beðið hann að aka sér til Hveragerðis. Auk Ólafs kveður Guðmundur Guðrúnu Erlingsdóttur hafa verið farþega í bifreiðinni svo og pilt, sem hann ekki vissi, hvað hét. Guðmundur kveðst hafa ekið til Hveragerðis á 60-70 km hraða. Er hann kom á mótis við Kross, kveðst hann hafa séð einn hest vinstra megin á vegjaðrinum í nokkurri fjarlægð. Er hann var rétt að komast að hestinum, hafi hann allt í einu gengið upp á veginn framan við bifreiðina. Kveðst Guðmundur hafa hemlað, en kveðst ekki hafa getað komið í veg fyrir að aka á hestinn. Hann kveðst hafa sveigt yfir á hægri vegarhelming, eins og unnt hafi verið, og hafa verið kominn alveg út á vegbrún, er áreksturinn varð. Hann kvað höfuð hestsins hafa rekizt í framrúðuna og hús bifreiðarinnar að framan, en að öðru leyti kvað hann sér hafa fundizt höggið koma á hestinn fram-anverðan. Hann kvað hestinn hafa farið út fyrir veginn hægra megin, en kvað hann ekki hafa dottið, að því er hann hafi séð. Guðmundur kveðst hafa ekið rakleitt áfram án þess að huga frekar að hestinum. Hann kvað sér hafa fundizt hesturinn bleikur að lit, en hann kvaðst aðallega hafa tekið eftir því, áður en hann gekk upp á veginn, en síðan hafi atburðurinn orðið með svo snöggu hætti, að hann hafi átt nóg með að reyna að koma í veg fyrir að aka á hestinn. Hinn 27. september 1963 tilkynnti Jón Grétar Guðmundsson, til heimilis að Selfossi, að þá um daginn hefði

fundizt slasaður hestur skammt frá Krossi í Ölfusi. Kvað hann grun leika á, að hestur þessi kynni að hafa orðið fyrir bifreiðinni L 58, því að hann hefði fundizt skammt frá þeim stað, er hryssa sú var á, sem talið var, að orðið hefði fyrir þeirri bifreið. Hinn 30. september tilkynnti Kristján Jónsson, Litla-Saurbæ í Ölfusi, að hesturinn væri svo mikið slasaður, að ekki mundi um annað að ræða en lóga honum. Væri hestur þessi tveggja vetra gamall, eign Guðmundar Sigfússonar, B-götu 23, Þorlákshöfn. Hér fyrir dómi hefur Kristján skýrt svo frá, að sér hafi verið gerð boð um, að leirljós foli, er stefnandi átti í tamningu hjá honum, hefði sennilega orðið fyrir einhverju slysi, því hann hreyfði sig ekki úr stað. Kveðst Kristján hafa brugðið skjótt við og sótt folann, en það hafi ekki reynzt létt verk, því hann hafi verið stórslasaður. Kveðst Kristján strax hafa sótt dýralækni, en er hann kom á staðinn, hafi hann talið, að algerlega þýðingarlaust væri að reyna að lækna folann, þar sem hann væri svo mikið skaddaður. Kristján kveður fola þennan hafa verið í tamningu og á gjöf hjá sér veturinn áður og hafi hann verið talinn mjög gott hestefni. Kristján kveður folann alltaf hafa verið í hópi nokkurra hrossa, sem fylgt hafi að, áður en umræddur atburður varð, og hafi í þeim hópi einnig verið hryssa sú, sem fannst dauð, er folinn fannst slasaður. Kveður Kristján folann ætíð hafa verið í þessum hópi, er hann sótti hann til tamningar. Kristján kveðst hafa heyrt, er hann sótti dýralækninn til folans, að hryssa sú, sem fjallað er um í málinu, hafi fundizt dauð fyrr um nóttina eða um morguninn þennan sama dag.

Við frekari rannsókn málsins, sem fram fór, eftir að meiðslin á fola stefnanda komu í ljós, til að reyna að upplýsa, hvort einn eða tveir hestar hefðu orðið fyrir bifreiðinni, skýrði stefndi Guðmundur svo frá, að sér hafi fundizt hesturinn, er hann sá utan við veginn framan við bifreiðina, vera ljósleitur. Taldi hann hestinn þá hafa verið í allt að 100 m fjarlægð. Er hann kom nær hestinum, kvaðst hann hafa séð hann ganga upp á veginn. Kvaðst Guðmundur þá þegar hafa hemlað og beygt til hægri, en það hafi engum togum skipt, að hesturinn hafi lent utan á bifreiðinni vinstra megin að framan, og kvað Guðmundur sér hafa fundizt eins og hægri framfóturinn lenti hálfkrepptur uppi á vinstri aurhlífinni. Hann kvað höfuð hestsins hafa lent á karminum ofan við framrúðuna, sem hafi brotnað. Guðmundur kvað sér hafa virzt hægri hliðin á snoppunni hafa skolið þarna upp í. Guðmundur kvað hestinn síðan hafa lent vinstra megin við bifreiðina inn á

vegin. Kveðst hann telja, að það hafi verið framhluti hestsins, sem varð fyrir bifreiðinni, en ekki kvaðst hann hafa orðið var við, að afturhluti hestsins yrði fyrir henni. Kveðst hann telja fráleitt, að fleiri hestar hafi orðið fyrir bifreiðinni, enda kvaðst hann aldrei hafa séð fleiri en einn hest þarna við veginn.

Ólafur Jóhannsson, sem var farþegi í bifreiðinni L 58 í umrætt sinn, skýrði svo frá við rannsókn málsins, að hann hafi verið ofurölvi og hafi sofið á leiðinni til Hveragerðis og því ekki vitað, er atburðurinn varð. Hann kvaðst hafa tekið eftir því, rétt áður en komið var til Hveragerðis, að framrúða bifreiðarinnar hafi verið brotin, og kvaðst hafa haft orð á því. Kvað hann stefnda Guðmund hafa sagt, að steinn hefði skolið í rúðuna með þessum afleiðingum. Ólafur Jóhann Óskarsson, sem einnig var farþegi í bifreiðinni í umrætt sinn, skýrði svo frá, að hann hafi setið í aftursæti bifreiðarinnar og sofið, en kvaðst hafa hrokkið upp við höggið við áreksturinn. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við neina hesta og kvað stefnda Guðmund hafa getið þess, að steinn hefði hrokkið í framrúðuna og brotið hana. Hann kvað ekkert hafa verið rætt um það í bifreiðinni, að hestur hefði orðið fyrir henni, og kvað sér ókunnugt um slysið fyrr en nokkrum dögum seinna. Guðrún Eyja Erlingsdóttir, sem einnig var farþegi í bifreiðinni L 58 í umrætt sinn, skýrði svo frá, að hún hafi setið í aftursæti bifreiðarinnar. Hún kvaðst ekki hafa orðið vör við slysið, þar sem hún hafi verið mikið ölvuð. Hún kvaðst telja, að hún hafi orðið vör við það, strax eftir að slysið varð, að framrúða bifreiðarinnar var brotin, og kveðst hafa haft orð á því. Kvað hún þá, er sátu frammi í bifreiðinni, en þó líklega fremur ökuþinginn, hafa sagt, að hestur hefði orðið fyrir bifreiðinni. Kveðst hún hafa spurt, hvort hesturinn hefði meiðzt, en kveður sér hafa verið sagt, að hann hefði sloppið ómeiddur. Hún kveður sér ekki hafa verið kunnugt um það fyrr en síðar, að hesturinn hefði drepizt við slysið.

Af hálfu ákærvaldsins var höfðað opinbert mál á hendur stefnda m. a. fyrir að hafa „aðfararnótt fimmtudagsins 26. september 1963 í beinu framhaldi af neyzlu áfengis og undir áhrifum þess ekið bifreiðinni L 58 frá Aratungu í Biskupstungum áleiðis til Hveragerðis, fyrir gáleysislegan akstur á þjóðveginum skammt frá Krossi í Ölfusi, þar sem ákærði ók bifreiðinni á tvö hross með þeim afleiðingum, að annað þeirra fannst dautt við veginn um morguninn, en hitt tveim dögum síðar með svo miklum áverkum, að aflifa varð það, en bifreiðin hafði stórskemmt við slysið, m. a. framrúðan brotnað, svo og fyrir að hafa þrátt fyrir slysið ekið

viðstöðulaust áfram til Hveragerðis og síðan til baka að Selfossi án þess að sinna frekar um slysið eða tilkynna það lögreglu. Heml- ar og ljós bifreiðarinnar voru eigi í lagi.“ Í dómi þeim, sem kveð- nin var upp í málinu hinn 3. júní 1965, segir svo um þessi ákæru- atriði: „Ákærði hefur fyrir dómi játað að hafa aðfaranótt fimmtu- dagsins 26. september 1963 neytt áfengis að Aratungu í Biskups- tungum og ekið í beinu framhaldi þeirrar neyzlu bifreiðinni L 58 þaðan að Hveragerði og síðan aftur að Selfossi, enda þótt hann fyndi þá til áhrifa áfengis. Einnig játaði hann að hafa ekið á eitt hross við bæinn Kross í Ölfusi. Sagði hann hrossið skyndilega hafa hlaupið inn á veginn og á bifreiðina. Ekki tilkynnti hann um slys- ið. Hins vegar neitaði ákærði að hafa ekið á annað hross, en lög- reglu var tilkynnt, að annað hross hefði slasast þarna, og verður ekki gegn mótmælum ákærða talið sannað, að hann hafi ekið á nema eitt hross. Ákærði játaði, að hemlar bifreiðarinnar hefðu eigi verið í fyllsta lagi, en hélt því fram, að ekkert hefði verið að ljósunum, og verður að taka framburð hans um það efni til greina.“ Fyrir sakaratriði þau, sem talin voru sönnuð samkvæmt þessu, og önnur sakaratriði, sem ákæra var byggð á, var ákærði dæmdur til 60 daga varðhalds og var sviptur ökuréttindum ævi- langt.

Samvinnutryggingar bættu Markúsi Jónssyni tjón það, er hann varð fyrir við missi hryssunnar, en hins vegar hafa Samvinnu- tryggingar eigi viljað bæta stefnanda tjón það, sem hann varð fyrir við missi hests síns. Ágreiningslaust er að leggja til grund- vallar fjárhæð dómskröfu stefnanda um tjón hans af þessum sök- um.

Kröfur stefnanda eru byggðar á því, að ljóst sé, að tvö hross hafi orðið fyrir bifreið stefnda í umrætt sinn. Annars vegar hryssa Markúsar Jónssonar, sem hafi verið dökkrauð eða nánast jörp, en nokkuð loðin og hafi broddur háranna verið ljósari á litinn. Hins vegar hestur stefnanda, en hross þessi hafi alltaf fylgt að. Verði eigi fallizt á, að tvö hross hafi orðið fyrir bifreiðinni, er því haldið fram, að allavega verði að telja sannað, að hestur stefnanda hafi orðið fyrir bifreiðinni, en af skýrslu stefnda komi greinilega fram, að hestur sá, sem hann sá fyrir framan bifreiðina, hafi verið bleikur að lit, en það komi algerlega heim við lýsingu stefnanda á hesti sínum. Er því haldið fram í þessu sambandi, að stefndi hafi ekki stöðvað bifreiðina, er áreksturinn varð, og eigi tilkynnt atburðinn, svo sem honum hafi borið skylda til að lögum, og beri hann því alla sönnunarbyrði um það, að hann hafi ekki valdið

tjóninu á hesti stefnanda, enda geti uppgjör Samvinnutrygginga á tjóni Markúsar Jónssonar ekki firrt stefnanda neinum rétti.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að tjón það, sem stefnandi krefst bóta fyrir í máli þessu, sé stefnda algerlega óviðkomandi, enda sé með öllu ósannað, að hann hafi valdið þessu tjóni. Er því haldið fram í þessu sambandi, að eigi sé vafi á því, að hryssa Markúsar Jónssonar hafi orðið fyrir bifreiðinni, og hafi hún fundizt strax morguninn eftir, en hins vegar hafi það svo ekki verið fyrr en næsta dag sem vart hafi orðið við meiðslin á hesti stefnanda. Er því og haldið fram, að eigi sé hægt að sjá, að bifreið hafi valdið þeim meiðslum. Bifreið stefnda sé lítil og sé vart hægt að sjá, að hún geti ekið á tvö hross með þessum afleiðingum. Er á það bent, að meiðslin á hesti stefnanda geti átt rætur sínar að rekja til ýmissa orsaka, bæði áður en stefndi Guðmundur ók þarna um og eins eftir það. Þá er því haldið fram, að hross þau, sem þarna voru, hafi gengið sjálfala við fjölfarinn veg og því alltaf í stöðugri hættu, og verði stefnandi að bera áhættuna af því. Er því haldið fram samkvæmt þessu, að lögfulla sönnun bresti fyrir því, að ábyrgð á tjóni stefnanda verði lögð á stefnda.

Stefndi sýndi stórvítaverða háttsemi með akstri sínum í því ástandi, sem hann var í og með því að tilkynna slys það, sem varð, eigi til lögreglunnar. Samkvæmt lýsingu stefnda á atburðinum og lýsingu á áverkum þeim, sem voru á hryssu Markúsar Jónssonar, verður að leggja til grundvallar, að hún hafi orðið fyrir bifreið stefnda. Þegar virt er, að þeir, sem komu á vettvang morguninn eftir til rannsóknar, virðast ekki hafa orðið varir við neitt athugavert við hest stefnanda og að menn urðu ekki varir við meiðsli á honum fyrr en daginn eftir og að hross þau, sem þarna voru, hafa gengið laus við fjölfarinn þjóðveg, þá þykja atvik eigi vera slík, að nægilegt sé til að telja fram komið, að meiðsli þau, sem leiddu til þess, að lóga varð hesti stefnanda, stafi frá bifreið stefnda. Verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Halldórsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Guðmundar Sigfússonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.